

## GJALDSKRÁ

**fyrir hunda- og kattahald á Austur-Héraði.**

1. gr.

Hunda- og kattaeigendur sem búsettir eru innan þéttbýlisstaðanna Egilsstaða, Hallormsstaðar og Eiða skulu greiða leyfisgjald skv. lið b, gr. 2.1 í samþykkt um hundahald og samþykkt um kattahald á Austur-Héraði, sem staðfestar voru af umhverfísráðuneytinu 8. maí 2000.

2. gr.

Af hundum skal innheimta hundaleyfisgjöld skv. 1. gr. að upphæð kr. 7.500 á hvern hund.

Af skráðum köttum skal innheimta kattaleyfisgjöld að upphæð kr. 4.300 á hvern kött.

3. gr.

Eigendur hunda og katta eru ábyrgir fyrir öllum kostnaði sem hlýst af óheimilli lausagöngu, handsömun, vörslu og skilum dýranna.

Ofangreind gjaldskrá var samþykkt af bæjarstjórn Austur-Héraðs þann 19. desember 2001 á grundvelli 25. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir og tekur gildi við birtingu. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá nr. 64, frá 15. janúar 2001.

*Egilsstöðum, 22. janúar 2002.*

**Þórhallur Pálsson,**  
forstöðumaður umhverfissviðs Austur-Héraðs.